

Novoselov gegn Rússlandi

Dómur frá 2. júní 2005

Mál nr. 66460/01

3. gr. Bann við pyndingum

Aðbúnaður fanga.

1. Málsatvik

Kærandi, Andrey Ivanovich Novoselov, er rússneskur ríkisborgari, fæddur 1961. Þann 27. október 1998 var hann tekinn höndum og vistaður á rannsóknardeild Novorossiysk-fangelsisins. Þann 5. nóvember 1998 var hann sakfelldur fyrir óspektir á almannafæri og dæmdur til 6 mánaða fangelsisvistar sem hann aflánaði í sama fangelsi. Hann var látinn laus 28. apríl 1999.

Kærandi var vistaður í fangaklefum sem voru um 42 fermetrar að stærð og hýstu 42 til 51 fanga. Þar voru 30 svefnpláss en kærandi hélt því fram að tvö hefðu verið notuð til að geyma vatnsílát svo að hægt væri að þvo sér og sturta niður úr salerninu sem einnig var í klefanum. Kærandi hélt því jafnframt fram að fangarnir hefðu ekki haft nein sængurföt, hann hefði þurft að sofa án dýnu í mánuð, einungis væri kveikt á loftræstikerfinu í nokkrar mínútur þegar eftirlitsmenn kæmu í heimsókn, ekkert ferskt loft kæmist inn í klefann þar sem málmplötur hefðu hulið mest af gluggunum, að þykkt, svart lag af óhreindinum lægi yfir gólfunum og að fatnaður fanganna væri morandi í lúsum og öðrum skordýrum. Rússneska ríkið hélt því fram að fangarnir hefðu haft sængurföt, klefarnir væru loftræstir, hreinlæti í klefunum væri viðunandi og skordýraeitri væri dreift í hverjum mánuði.

Í apríl 1999 fékk kærandi smitandi kláðamaur og var ekki einangraður frá hinum föngunum. Ekki hefðu hinir fangarnir heldur verið einangraðir þegar þeir fengu svipaða eða aðra sjúkdóma. Kærandi hélt því einnig fram að í nokkrum tilvikum hefðu fangar með berkla gist nokkra daga í klefanum. Ríkið hélt því fram að sýktir fangar væru einangraðir í sérstakri álmu. Kærandi fékk tvívegis háan hita. Frá 13. til 20. apríl 1999 gekkst hann undir meðferð vegna húðbólgu. Þegar kærandi var látinn laus hafði hann lést um 15 kg, hann mæddist fljótt þegar hann gekk og þreyttist auðveldlega, gat ekki hlaupið og þjáðist af blöðrum og kláða um allan líkamann. Þann 5. maí 1999 gekkst hann undir lækni skoðun og fékk staðfest að hann þjáðist af næringarskortum.

Þann 30. júlí 2002 höfðaði kærandi skaðabótamál vegna hinna ómannúðlegu og vanvirðandi aðstæðna sem hann hafði verið vistaður í. Kröfu hans var synjað af dómstólum 1. október 2002 þar sem kærandi var ekki talinn hafa sannað að fangelsisstarfsmenn hefðu borið ábyrgð á ástandinu. Kærandi áfrýjaði dóminum en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum sínum skv. 3. gr. vegna aðstæðna þeirra sem hann var vistaður í og heilsubreysts þess sem hann varð fyrir í kjölfarið.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að aðilar málsins voru ekki sammála í ýmsum atriðum varðandi aðbúnað í fangelsinu. Hins vegar voru þeir sammála í meginatriðum um þann fjölda fanga sem var vistaður í klefa kæranda á tímabilinu. Hafði kærandi þannig eytt allri 6 mánaða vist sinni í 42 fermetra klefa ásamt allt að 51 öðrum fanga og urðu þeir að deila með sér 28 eða 30 rúmum. Hann hafði því minna en 1 fermetra fyrir sig og deildi svefnstað með öðrum föngum, en fangarnir skiptust á að sofa. Fyrir utan einnar klukkustundar útivist á dag var kærandi lokaður í klefa sínum 23 tíma á sólarhring. Dómstóllinn taldi að þessi aðstaða þar sem kærandi neyddist til að lifa, sofa og deila salerni með svo mörgum öðrum föngum í sama klefa hefði ein og sér nægt til að valda kvölum og erfiðleikum umfram hina óhjákvæmilegu þjáningu sem felst í fangelsun og verið til þess fallin að valda honum ótta, sálarangist og minnimáttarkennd sem auðmýkti hann og niðurlægði.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið sannað án skynsamlegs vafa að loftræstingin, upphitun, ljósabúnaður eða hreinlætisaðstaða hafi verið ófullnægjandi í skilningi 3. gr. benti dómstóllinn á að rússneska ríkið

viðurkenndi að gluggarnir hafi verið byrgðir, kærandi hafi tvisvar fengið hita og þjáðst af húðbólgu meðan á vistun hans stóð. Þessir þættir, ásamt hinum gífurlegu þrengslum, gerðu vistunaraðstæður kæranda þannig að þær stóðust ekki skilyrði 3. gr. Að lokum taldi dómstóllinn að ekki skipti máli hvort tilgangurinn með slæmu aðstæðum hafi verið að niðurlægja fangana eða. Þótt svo væri ekki kæmi það ekki í veg fyrir að brotið hefði verið gegn 3. gr. Jafnvel þótt aðstæðurnar væru ekki fangelsisstarfsmönnum um að kenna bar rússneska ríkið ábyrgð á öllum sínum stofnunum og ástandi þeirra.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að réttindi kæranda skv. 3. gr. hefðu verið brotin.

Voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 1.400 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr.